

Alþingi
Erindi nr. P 139/823
komudagur 8.12.2010

Alþingi, nefndarsvið.

8. desember 2010.

Varðar 201. mál.

Samtök eigenda sjávarjarða vísa í athugasemdir sem komu fram í bréfi samtakanna til Alþingis 11. maí 2010, 522. mál, 5. lið, 3. gr.

Samtökin ítreka þessar athugasemdir og þeim finnst eðlilegt að netlög verði ekki síður skilgreind samkvæmt dýptarlínu eins og lagafyrirmæli eru um frá Alþingi Íslendinga.

Virðingarfyllt,

Ómar Antonsson, formaður,
Björn Erlendsson, ritari.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2176
komudagur 11.5.2010

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

11. maí 2010.

Vísað er í tölvupóst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 27. og 30. apríl 2010 þar sem beðið er um umsagnir Samtaka eigenda sjávarjarða (SES) í málum nr. 522, 468, 589 og 590:

Stjórn SES gefur eftirfarandi umsagnir og óskað er eftir að tillit verði tekið til þeirra við löggjöf:

X 522. mál:

Stjórn SES álitur að 5. liður 3. gr. Skilgreiningar skuli orðast með sama hætti og í lögum nr. 64/1994 auk þess að bætt verði við skilgreiningu á dýpi:

Netlög: "Hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hölmum og skerjum í sjó og stöðuvötnum. Samkvæmt lagaritinu Jónsbók frá 1281 eru lagafyrirmæli í gildi um að netlög skuli miðuð við dýpi".

Mörk netlaga hafa verið skýrð sem 7-8 metra dýpi. Vísað er í heimildir Páls Vídalín, lögmanns 1667-1727 í því sambandi.

468. mál:

Stjórn SES telur að tillit beri að taka til lögvarinna hagsmuna eigenda sjávarjarða um eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni við úthlutun aflaheimilda. Ennfremur að þeir verði, sem löglegir eigendur, hafðir með í ráðum við lagasetningar er varða hina hreyfanlegu auðlind.

590. mál:

Alls ekki er nógu vel ljóst hvað átt er við í 1. gr. þar sem segir að „Hvalastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Fyrir það fyrsta eru eigendur netlaga hluti íslensku þjóðarinnar en þeir eiga lögvarin séreignarréttindi í Íslandsmiðum, þ.e. í landhelginni og fiskveiðilögsögunni, sem aðrir eiga ekki. Því er hér lögð fram tillaga um að þessi setning verði leiðrétt og hún orðuð svona: „Hvalastofnar á Íslandsmiðum utan netlaga eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Svo segir: „Ráðherra skal við ákvarðanir í þessu efni líta til hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna“. Þessi setning ætti að orðast svona: „Ráðherra skal við ákvarðanir í þessu efni líta til hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega 2. 7. og 17.2 gr.“.

12. gr. verði orðuð svona: „Eigendur skipa sem hafa leyfi til hvalveiða skulu greiða hvalveiðigjald fyrir hvern veiddan hval og skal hvalveiðigjaldið ákveðast sameiginlega af eigendum auðlindarinnar og greiðast hlutfallslega til eigenda auðlindarinnar“.

Virðingarfyllst,
Ómar Antonsson, formaður SES